

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2173  
komudagur 27.10/2004

130. löggjafarþing 2003–2004.  
Þskj. 1382 — 910. mál.

## Frumvarp til laga um tónlistarsjóð.

### *Umsögn Félags um Tónlistarþróunarmiðstöð*

26. apríl 2004

Tónlistarþróunarmiðstöð fagnar því að Menntamálaráðherra leggi fram þetta frumvarp og leggi skilning á þau stóru og margbrotnu verkefni sem tónlistarhreyfingin er að taka sér fyrir hendur. Ljóst er að þó margir litlir sigrar hafi unnist á síðustu árum í framsækni og kynningu á íslenskri tónlist á eftir að draga stærstu fiskana að landi. Með þessu frumvarpi greiðir Menntamálaráðherra götu þeirra sem tilbúnir eru að leggja þá veiðiferð á sig.

Okkur þykir þó ljóst að meiri peninga er þörf í þennan málaflokk og hann gæti komið t.a.m inn í formi ákveðnar prósentu af virðisauka seldrar tónlistar á Íslandi. Með því að gefa tónlistarmarkaðnum tækifæri á að styrkja “sjálfan sig” mætti ýta undir meiri skipulagningu og aukna arðsemi.

1. grein. Í þessari grein er talað um tvær deildir sjóðsins, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Við teljum sjóðnum nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á grasrótina og skapa þeim fjölmörgu sem leggja stund á tónlist aðstöðu og tækifæri til að sinna sköpun. Þetta er helsta baráttuefni Tónlistarþróunarmiðstöðvar; að skapa aðstöðuna til tónlistariðkunnar og jafnframt að vekja áhuga fólks á tónlistarsköpun. Með því að líta framhjá þessum málaflokki verður ljóst að ávinningur af sjóðnum gæti orðið mun minni en tækifærin gefa tilefni til. Með markvissri kynningu á þeim tækifærum sem bjóðast til þeirra sem yngri eru gætum við haldið áfram að aðstoða við að koma fleiri kynslóðum af hæfileikaríku tónlistarfólki á legg. Við teljum að þetta mætti gera með að skýra betur hlutverk tónlistardeildar og setja inn í 1. grein betri lýsingu á stuðning við grasrótina og uppbyggingarhlutverk hennar.
2. grein fjallar um það hvernig skipað skuli í tónlistarráð. Það er grundvallaratriði fyrir tónlistarsjóð að tónlistarmenn fái tækifæri til að stjórna og vera í meirihluta í honum. Þar býr þekkingin og skilningurinn sem þarf til að sjóður sem þessi þjóni tilgangi sínum. Tónlistarmönnum er fullkomnlega treystandi til þessa hlutverks. Að auki þætti okkur afar mikilvægt að í tónlistarráði sitji fimm manns í stað þriggja. Málaflokkurinn er afar stór og krefst mikillar víðsýni, meiri en svo að hægt sé að setja ábyrgð af honum til svo fárra.

Félag um Tónlistarþróunarmiðstöð  
Hólmaslóð 2  
101 Reykjavík  
Ábyrgðarmaður er Daniel Pollock.